

Föstudaginn 18. júní 1993.

Nr. 147/1990. **Friðþjófur Haraldsson**

(Brynjólfur Kjartansson hrl.)

gegn

Þrotabúi Stranda hf.

(Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.).

Hlutafélag. Hlutafjárloforð. Gjaldþrotaskipti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. apríl 1990. Krefst hann þess, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda og sér dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti kom fram, að ekki er ágreiningur milli aðila um það, hve mikið var ógreitt af hlutafjárloforði áfrýjanda til Stranda hf.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Í héraðsdómi kemur fram, að á skiptafundi í Þrotabúi Stranda hf. 30. ágúst 1988 fékk ríkissjóður heimild til að reka mál þetta á hendur áfrýjanda. Samkvæmt 114. gr. þágildandi gjaldþrotalaga nr. 6/1978 var rétt, að ríkissjóður höfðaði málið í eigin nafni fyrir hönd þrotabúsins.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Friðþjófur Haraldsson, greiði stefnda, Þrotabúi Stranda hf., 70.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur aukadómpings Kjósarsýslu 5. mars 1990.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 15. febrúar sl., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri 13. mars 1989.

Stefnandi er þrotabú Stranda hf., nnr. 8527-7561, sem er til skiptamedferðar hjá skiptaráðandanum í Gullbringusýslu.

Stefndi er Friðþjófur Haraldsson, kt. 230544-2719, Lágiholti 15, Mosfellsbæ.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða eftirstöðvar hlutafjárloforðs, að fjárhæð 601.675,81 kr., með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað]. Stefndi krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda og að sér verði dæmdur málskostnaður að mati réttarins auk sérstaks virðisaukaskatts, og beri málskostnaður dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir uppkvaðningu dóms til greiðsludags.

Til vara er þess krafist, að stefnukrafan verði lækkuð og vextir aðeins dæmdir frá 4. 4. 1989 og málskostnaður látinn niður falla.

I.

Málavextir eru þeir, að 28. júlí 1983 var hlutafélagið Strandir stofnað. Hluthafar voru fimm, Brynjar Viggósson vélstjóri, Hafsteinn Þór Hilmarsson vélvirki, Hilmar Haraldsson vélstjóri, Jón Leví Hilmarsson verkfræðingur og stefndi, Friðþjófur Haraldsson verkstjóri.

Megintilgangur félagsins var að setja á stofn verksmiðju á Reykjanesi til vinnslu og sölu á mjöli og lýsi úr fisk- og kjötúrgangi.

Hlutafé félagsins var ákveðið 2.500.000 kr., og skiptist það jafnt milli hluthafanna fimm og stofnenda félagsins. Hinn 16. september 1983 var ákveðið á hluthafafundi að auka hlutafé félagsins í 5.000.000 kr. með sömu skiptingu hluthafa.

Rekstur Stranda hf. gekk illa, og 4. nóvember 1986 var beiðni stjórnar félagsins um gjaldþrotaskipti tekin fyrir í skiptarétti Gullbringusýslu. Úrskurður um skiptamedferð var kveðinn upp samdægurs. Við athugun á bókhaldsgögnum fyrirtækisins og í yfirheyrslum fyrir skiptarétti kom fram, að tveir hluthafar virtust skulda búinu hlutafé, og er stefndi annar þeirra.

Á skiptafundi í þrotabúi Stranda hf. 30. 8. 1988 var ríkissjóði heimilað að höfða mál gegn stefnda í nafni þrotabúsins til innheimtu á ógreiddu hlutafé, en 25. mars 1987 sendi skiptastjóri þrotabúsins Stranda hf. innheimtubréf og krafði stefnda um ógreitt hlutafé.

Af hálfu stefnda er því m. a. haldið fram, að hann hafi verið leystur undan hlutafjárloforði á hluthafafundi á árinu 1985 og að sú ákvörðun stjórnar hafi verið færð í fundargerðabók.

Í fyrstu aðalstjórn félagsins var stefndi kosinn formaður, en meðstjórnendur voru Hilmar Haraldsson og Jón Leví Hilmarsson.

Fram hefur komið í málinu, að árið 1984 var Jón Leví Hilmarsson orðinn formaður, en meðstjórnendur Hilmar Haraldsson og Brynjar Viggósson.

Hilmar Haraldsson var framkvæmdastjóri félagsins frá upphafi.

— — —

IV.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. laga nr. 32/1978 um hlutafélög skal stjórn hlutafélags innheimta hlutafé án tafar með málsókn eða afhenda öðrum rétt til hlutarins. Ef hlutafé er ekki greitt, getur það leitt til þess, að félaginu verði slitið skv. 15. gr. og búi þess skipt eða tekið til gjaldþrotaskipta. Skilvís greiðsla hlutafjár er veigamikill þáttur í stofnun hlutafélags. Vanskil á þessum greiðslum eru talin réttlæta það, að félaginu sé slitið.

Hvorki stjórn hlutafélags né hluthafafundur hefur heimild til að leysa hluthafa undan greiðslu hlutafjár, sem hann hefur lofað að leggja til við stofnun félags. Stjórn hefur aðeins þau úrræði að innheimta skuldina eða afhenda öðrum hlut áskrifandans. Stjórn getur ekki afskrifað hlutafjárloforð með hlutafjárلækku skv. 42. gr., því að sú grein hlutafélagalaga á aðeins við, þegar allt hlutafé hefur verið greitt.

Stjórn hlutafélags getur því ekki með neinum hætti gefið eftir greiðslu hlutar. Sama máli gegnir um hækkun hlutafjár. Skal stjórn innheimta hlutina án tafar eða veita öðrum rétt til hlutarins, sbr. 2. mgr. 14. gr. Verði skuldin hins vegar ekki innheimt, skal beita reglum 16. gr., sem mælir svo fyrir, að stjórn skuli tilkynna Hlutafélagaskrá, að hlutafé hafi verið lækkað í félaginu skv. 44. gr. Ef stjórn vanrækir það, skal ráðherra láta skrá, að hlutaféð hafi verið lækkað sem samsvari nafnverði þeirra hluta, er eigi hafa verið greiddir, og samþykktum sé breytt samfara því. Samkvæmt 44. gr. skal birta áskorun þrisvar í Lögbirtingablaði til kröfuhafa félagsins. Hlutafé má því aðeins lækka, að gjaldfallnar kröfur séu greiddar og fullnægjandi trygging sett fyrir greiðslu ógjaldfallinna eða umdeildra krafna.

Samkvæmt framansögðu hafði stjórn Stranda hf. ekki heimild til að leysa stefnda undan hlutafjárloforðum, án þess að annar tæki við skuldbindingum stefnda gagnvart félaginu. Ekki hefur komið fram í málinu, að til hafi staðið að framselja öðrum hlut stefnda.

Þá þykir einnig ósannað, að stjórn eða hluthafafundur hafi tekið ákvörðun á hluthafafundi, sem haldinn var í Kópavogi árið 1985, að leysa stefnda undan hlutafjárloforði sínu.

Ekki verður fallist á með stefnda, að krafa stefnanda sé fallin niður vegna tómlætis. Samkvæmt 15. og 16. gr. laga nr. 32/1978 skal greiða hluti í síðasta lagi innan þriggja ára. Stefndi fékk innheimtubréf skiptastjóra 25. mars 1987, en stefndi lofaði hlutafé, að fjárhæð 500.000 kr., við stofnun

félagsins 28. júlí 1983 og svo viðbótarhlutafé, að fjárhæð 500.000 kr., 16. september 1983.

Þá verður ekki heldur fallist á með stefnda, að krafa stefnanda sé fyrnd, því að ljóst er skv. 15. og 16. gr., að fyrningarfrestur byrjaði fyrst að líða á árinu 1986. Stofnframlag skyldi greiða í síðasta lagi innan þriggja ára, frá því að félagið var skráð, en við hækkun hlutafjár í síðasta lagi þremur árum eftir, að hækkun hefur verið tilkynnt til Hlutafélagaskrár.

Varakrafa stefnda um, að stefnukrafa verði lækkuð, er reist á því, að stefnandi hafi ekki lagt fram yfirlit yfir greitt hlutafé og því sé ekki ljóst, hvernig stefnukrafan sé fundin.

Stefnandi reisir stefnukröfur í máli þessu á bókhaldsgögnum félagsins. Stefndi hefur ekki lagt fram nein gögn um, að hann hafi greitt meira en 398.324,19 kr. af 1.000.000 kr. hlutafjárloforði, og hefur í raun staðfest stefnukröfur tölulega hér fyrir dómi. Verður varakrafa stefnda um lækkuð stefnufjárhæðar því ekki tekin til greina.

Samkvæmt 1. mgr. 14. gr. verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda vexti af skuldinni, sem eru jafnháir og vextir af innstæðum á almennum sparisjóðsbókum. Dráttarvaxtaákvæði vaxtalaga nr. 25/1987 gilda því aðeins, að annað leiði ekki af lögum, sbr. 3. gr. sömu laga.

Í stofnsamningi, dags. 28.7.1983, kemur fram, að helmingur hlutafjár sé greiddur, en eftirstöðvar verði greiddar á næstu tveimur árum. Verður því talið, að gjalddagi hlutafjár, sem stefndi lofaði við stofnun félagsins, hafi verið 28. júlí 1985. Af þeirri fjárhæð á stefndi eftir að greiða 101.675,81 kr.

Á hluthafafundi 15. september 1983 var ákveðið að auka hlutafé í félaginu, og skráði stefndi sig þá fyrir 500.000 kr. Ekki er getið um í tilkynningu til Hlutafélagaskrár, hvenær greiða ætti það hlutafé. Verður því að fara eftir 16. gr. hlutafélagalaga, þar sem segir, að við hækkun hlutafjár skuli hlutirnir greiddir að fullu í síðasta lagi þremur árum eftir, að hækkun hefur verið tilkynnt til Hlutafélagaskrár. Telst gjalddagi viðbótarhlutafjár því 15. september 1986, og verður stefndi dæmdur til að greiða vexti frá þeim tíma.

Samkvæmt framansögðu verður niðurstaða málsins sú, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda 601.675,81 kr. með vöxtum eins og af almennum sparisjóðsbókum, svo sem í dómsorði greinir, samkvæmt auglýsingum Seðlabanka Íslands af 101.675,81 kr. frá 28. júlí 1985 til 15. september 1986, en af 601.675,81 kr. frá þeim degi til greiðsludags. Stefnanda er heimilt að leggja áfallna vexti við höfuðstól skuldarinnar á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 28. júlí 1986.

Eftir þessum úrslitum verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda 100.000 kr. í málskostnað, sem ber dráttarvexti skv. III. kafla vaxta-

laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir uppkvaðningu dóms til greiðsludags.

Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Friðþjófur Haraldsson, greiði stefnanda, þrotabúi Stranda hf., 601.675,81 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum] og 100.000 kr. í málskostnað, sem ber vexti skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Stefnanda er heimilt að leggja vexti við höfuðstól skuldarinnar á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 28. 7. 1986.
